

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 43/1999
frá 26. mars 1999

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-
nefndarinnar nr. 104/98 frá 30. október 1998⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 97/80/EB frá 15. desember 1997 um sönnunarbyrði í málum er
varða mismunun vegna kynferðis⁽²⁾ og tilskipun ráðsins 98/52/EB frá 13. júlí 1998
um rýmkun á tilskipun 97/80/EB um sönnunarbyrði í málum er varða mismunun
vegna kynferðis svo að hún taki til Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og
Norður-Írlands⁽³⁾ skulu felldar inn í samninginn.

Gerðir sem samningsaðilar skulu taka mið af í XVIII. viðauka skulu taldar upp í lok
þess viðauka.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 197, 29.7.1999, bls. 56 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 33, 29.7.1999, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 14, 20.1.1998, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 205, 22.7.1998, bls. 66.

1. gr.

Í XVIII. viðauka skal fyrirsögnin á eftir 21. lið (tilskipun ráðsins 86/613/EBE) „GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA MIÐ AF“, að meðtalinni upphafssetningu og gerðunum, koma á eftir 32. lið (tilskipun ráðsins 96/34/EB) og liður 21a (ályktun 95/C 296/06 frá ráðinu og fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins), liður 21b (ályktun ráðsins 95/C 168/02) og liður 21c (tilmæli ráðsins 96/694/EB) hver um sig verða liðir 33, 34 og 35.

2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 21. lið (tilskipun ráðsins 86/613/EBE) í XVIII. viðauka við samninginn:

„21a. **397 L 0080**: Tilskipun ráðsins 97/80/EB frá 15. desember 1997 um sönnunarbyrði í málum er varða mismunun vegna kynferðis (Stjtið. EB L 14, 20.1.1998, bls. 6), eins og henni var breytt með:

- **398 L 0052**: Tilskipun ráðsins 98/52/EB frá 13. júlí 1998 (Stjtið. EB L 205, 22.7.1998, bls. 66).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í a-lið 1. mgr. 3. gr. lesist „119. gr. sáttmálans“ sem „1. mgr. 69. gr. EES-samningsins“.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipana ráðsins 97/80/EB og 98/52/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. mars 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner